



DAGAR MYRKURS

HANDBÓK UM FRAMKVÆMD
2025-2029

Um hátíðina

Dagar myrkurs er sameiginleg byggðahátíð allra íbúa á Austurlandi með það að markmiði að hvetja til samveru íbúa. Hátíðin fer fram í byrjun vetrar og hefur sterka tengingu við hátíðir sem haldnar hafa verið á þeim tíma frá fornu fari. Hátíðin er fyrst og fremst hugsuð sem hátíð íbúa en öllum sem áhuga hafa er velkomið að taka þátt.

Hátíðin stendur yfir í heila viku í lok október og/eða byrjun nóvember. Hún er haldin stuttu eftir eða í kringum fyrsta vetrardag (sem er alltaf á tímabilinu 21.-28. október) og hrekkjavakan (31. október) er innan hátíðarinnar.

Á þessum tíma héldu norrænir menn til forna miklar samkomu- og veisluhátíðir sem nefndust veturnætur og dísablot. Þetta var tími umskipta, sumar breyttist í vetur og þá var hægt að skynja handanheima og jafnvel sjá drauga og álfa. Með kristnitökunni færðust hátíðarhöldin yfir á 1. nóvember og fengu nafnið allraheilagramessa. Annars staðar, svo sem á Írlandi og í Skotlandi, snérist hátíðir í byrjun vetrar um að minnast þeirra sem látnir voru. Seinna breiddust þær hátíðir til Ameríku með innflytjendum og eru í dag það sem við þekkjum sem hrekkjavaka.

Dagar myrkurs eru nútímaútgáfa af hátíðarhöldum í vetrarbyrjun. Með þeim þökkum við fyrir sumarið og heilsum vetrinum. Við upphefjum myrkrið, hið yfirnáttúrulega, rómantík og gamla siði með margvíslegum hætti. Íbúar eru virkjaðir til þátttöku og hvatinn að viðburðum og samveru kemur fyrst og fremst frá þeim.



Vinningsmyndin í ljósmyndasamkeppni Daga myrkurs 2023 eftir Jón Einar Ágústsson.



Vinningsmyndin í ljósmyndasamkeppni Daga myrkurs 2021 eftir Ásgeir Metúsalemsson.

Stýrihópur

Til að halda utan um og skipuleggja hátíðina, er myndaður stýrihópur sem fundar reglulega yfir árið. Í stýrihópnum sitja:

- Fulltrúi Fjarðabyggðar
- Fulltrúi Fljótshrepps
- Fulltrúi Múlaþings
- Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps
- Tveir starfsmenn Austurbrúar og er annar þeirra verkefnastjóri Daga myrkurs

Aðrir aðilar eru kallaðir á fundi stýrihópsins þegar þurfa þykir.

HLUTVERK STÝRIHÓPS

Stýrihópurinn skipuleggur hátíðina á hverju ári. Hlutverk hópsins er að virkja íbúa, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Hópurinn hittist að lágmarki fjórum sinnum á ári.

Fyrsti fundur er haldinn í mars/apríl en þar verða drög að næstu hátíð lögð fram. Dagsetningar kynntar fyrir íbúum, stofnunum og fyrirtækjum á Austurlandi. Auglýsingar verða á samfélagsmiðlum, heimasíðu Austurbrúar og á heimasíðum og íbúasíðum sveitarfélaganna.

Annar fundur er haldinn í ágúst eða byrjun september og þar verður hátíð haustsins skipulögð. Áfram verður lögð áhersla á að virkja íbúa og félagasamtök í byggðakjörnum á Austurlandi. Auglýst eftir viðburðum og heildardagskrá auglýst í framhaldinu.

Þriðji fundurinn er haldinn í byrjun október þar sem lokaskipulag og undirbúningur fer fram. Hátíðin auglýst sem víðast.

Fjórði fundurinn er haldinn fyrir lok nóvember, en þar verður hátíð ársins rýnd og upplýsingar um fjölda viðburða og þátttöku teknar saman.

UPPGJÖR

Að aflokinni hátíð safnar verkefnastjóri Daga myrkus saman upplýsingum um viðburði, fjölda og staðsetningar. Verkefnastjóri klárar ársskýrslu og rekstrarreikning sem hann skilar til stýrihópsins og framkvæmdastjóra og yfirverkefnastjóra Austurbrúar.

Kynningarmál og verkferlar

- Í byrjun september skal senda ítarlegan póst á fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir til að minna á hátíðina og auglýsa á íbúasíðum á Facebook. Viðburðir verði skráðir í sameiginlegt skjal.
- Í lok september boða menningarfulltrúar sveitarfélaganna til opins fundar og/eða óska eftir viðburðum í öllum byggðakjörnum. Fulltrúar sveitarfélaganna senda dagskrána til starfsmanna Austurbrúar sem vinna úr upplýsingunum. Upplýsingar skulu berast eigi síðar en tveimur vikum áður en hátíðin hefst.
- Viðburðahaldarar bera ábyrgð á sínum viðburðum og setja þá upp á Facebook og auglýsa víðar, telji þeir ástæðu til þess. Viðburðahaldarar gera Daga myrkurs á Facebook að „cohost“.
- Unnið er með sameiginlegt útlit á öllum auglýsingum. Starfsmenn Austurbrúar senda „template“ á fulltrúa sveitarfélaga sem koma því áfram innan sinna byggðarkjarna.
- Haldin er samkeppni um bestu ljósmynd Daga myrkurs. Fimmtíu þúsund krónur eru veittar í verðlaun og ljósmynd ársins nýtt í auglýsingar og kynningarefni.

Auglýst verði sem hér segir:

- » Auglýsing í mars/apríl. Tímasetning hátíðarinnar kynnt.
- » Í byrjun september er sendur tölvupóstur til fyrirtækja, félagasamtaka, stofnana og á íbúasíður og heimasíður sveitarfélaga, auk miðla Austurbrúar.
- » Auglýsing í Dagskránni og á samfélagsmiðlum í byrjun október.
- » Auglýsingar á samfélagsmiðlum tveimur vikum áður en viðburður hefst.
- » Auglýsing í Dagskránni og samfélagsmiðlum, viku áður en viðburður hefst.

Tímasetningar hátíðarinnar næstu fimm árin:

2025: 27. október – 2. nóvember

2026: 26. október – 1. nóvember

2027: 25. október – 31. október

2028: 30. október – 5. nóvember

2029: 29. október – 4. nóvember

Handbókin verði endurskoðuð í lok hverrar hátíðar.

Samþykkt í stýrihóp Daga myrkurs, 14. nóvember 2024.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnastjóri
dora@austurbru.is